

REGLUGERÐ

um veiðar á langreyðum.

1. gr.

Markmið, gildissvið og grundvallarreglur.

Markmið reglugerðarinnar er að bæta umgjörð veiða á langreyðum. Til að ná því markmiði skal tryggt að búnaður og framkvæmd veiða standist þau lágmarksviðmið sem kveðið er á um í lögum og reglugerð þessari.

Reglugerð þessi gildir um veiðar á langreyðum. Reglugerð þessi kemur til viðbótar við lög og reglugerðir sem gilda, þar á meðal reglugerð um hvalveiðar, með síðari breytingum.

Við veiðar skal ávallt stefnt að því að dýr aflífist samstundis.

Staðið skal að veiðum þannig að það valdi langreyðum sem minnstum sársauka og aflífun þeirra taki sem skemmstan tíma. Þá er óheimilt að beita aðferðum sem valda dýri óþarfa limlestingum eða kvölum.

2. gr.

Orðskýringar.

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

Hvalveiðibýssa: Skipsfast skotvopn í stefni skips til þess að skjóta sprengiskutli.

Marksvæði: Það svæði á langreyði sem miða skal á við skot.

Skotfjarlægð: Fjarlægð dýrs frá hvalveiðibýssu þegar skotið er.

Skotlína: Lína fest við skutul og skip.

Skotlínukarfa: Búnaður undir línu til að tryggja að lína dragist rétt út við skot skutuls.

Skotvinkill: Sú átt sem skotmaður beinir hvalveiðibýssu að dýri, s.s. að framan, að aftan eða frá hlið.

Skutulskott: Lína fest við skutul án tengingar við skip.

Skutulsprengja: Sprengja af gerðinni hvalgranat-99 sem skrófuð er fremst á skutul.

Tafarlaus dauði: Þegar dýr telst dauft á innan við einni mínútu.

Viðmið um dauða: Dýr telst dauft þegar hvalur er hreyfingarlaus, kjálki er slakur og bægslí liggja slök meðfram hlið hvals. Þó er heimilt að líta til þess við endanlegt mat á dauðatíma hvort hvalur telst dauður þrátt fyrir að sýna krampakennd einkenni.

3. gr.

Eftirlit.

Matvælastofnun skal hafa reglubundið eftirlit með því að farið sé að lögum um velferð dýra og reglugerð þessari við veiðar á langreyðum, m.a. með eftirlitsferðum við veiðar, myndbandsupptökum veiðiaðferða og skráningu þeirra aðgerða við veiðar sem varða velferð dýra. Gögnum sem eftirlitsmenn afla við störf sín skal koma til Matvælastofnunar í lok hverrar athugunar.

Fiskistofa fer með eftirlit með framkvæmd veiðanna að öðru leyti samkvæmt lögum um hvalveiðar og reglugerðum settum á grundvelli þeirra.

Eftirlitsmenn Fiskistofu fylgjast með að veiðibúnaður sé í samræmi við lög og reglugerðir settar á grundvelli þeirra sem og í samræmi við þær reglur sem fram koma í fylgiskjali við alþjóðasamning um stjórnun hvalveiða frá 1946. Fiskistofa hefur einnig eftirlit með því að skilyrði sem fram koma í leyfi séu uppfyllt.

Tilkynna skal Fiskistofu áður en haldið er til veiða.

Fiskistofa og Matvælastofnun skulu hafa samráð sín á milli um eftirlit hvors um sig á grundvelli þessarar reglugerðar.

Matvælastofnun er heimilt að fela Fiskistofu öflun gagna vegna eftirlits samkvæmt 1. mgr. og telst þá sá þáttur gagnaöflunar vera hluti af eftirliti Matvælastofnunar. Teljast þær kröfur sem eru gerðar til Fiskistofu og eftirlitsmanna hennar nú þegar fullnægja kröfum sem gera ber til slíks eftirlits, sbr. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 30/2018, um Matvælastofnun.

Komi upp vafi eða ágreiningur um undir hvern framkvæmd eftirlits heyrir samkvæmt reglugerð þessari sker ráðherra úr.

4. gr.

Veðiðibúnaður.

Við veiðarnar skal nota búnað sem tryggir að langreyðar aflífist samstundis eða að aflífun taki sem skemmstan tíma og valdi þeim sem minnstum þjáningum. Til að tryggja ofangreint skal Fiskistofa ganga úr skugga um að skip sem ætlað er til veiða á langreyðum sé búið eftirfarandi veiðiðibúnaði:

- a. Hvalveiðibyssu.
- b. Að lágmarki tveimur skipsföstum skotlínunum. Skotlína skal vera þannig úr garði gerð að hún standist álag við veiðar og sé ekki næm fyrir ytri áhrifum á borð við vatn og raka.
- c. Skotlínukörfu sem fylgir hreyfingum hvalveiðibyssu. Skotlínukarfa skal þannig gerð að lína dragist úr körfu í stefnu skutuls.
- d. Miði á hvalveiðibyssu með upplýstum punkti.

Óheimilt er að nota skutul án skutulsprengju. Einungis skal nota skutulsprengjur af gerðinni hvalgranat-99. Magn sprengiefnis í skutulsprengju skal vera nægilegt til að tryggja að dýr drepist samstundis.

Óheimilt er að hleypa af skoti án þess að skutulsprengja sé fest á skutulinn og lína fest í skutul í annan endann og í skipið í hinn endann.

Þrátt fyrir 3. mgr. er heimilt við endurskot að hleypa af skoti án þess að lína sé fest í skutul í annan endann og í skipið í hinn endann. Skal þá nota skutulskott sem er lína sem er fest við skutul í annan endann en ekki skipsföst til þess að auka stöðugleika flugs skutuls.

Skutulsprengja skal tengd við skutul með kveikibúnaði sem tryggir að skutulsprengja springi þegar skutull gengur inn í dýr og á þeim stað sem veldur dýri nægilegum áverkum til þess að það drepist samstundis.

Tilkynna skal sérhverja breytingu á veiðiðibúnaði til Fiskistofu. Fiskistofa getur heimilað breytingu á búnaði ef það er mat stofnunarinnar að nýr búnaður eða breytingar á honum fullnægi sömu kröfum hvað notkun varðar, að fenginni umsögn Matvælastofnunar sem leggur mat á dýravelferðarsjónarmið.

Leyfishafa ber að kanna áður en haldið er til veiða að skotmenn og áhöfn uppfylli að öðru leyti skilyrði laga og reglna sem um meðferð skotvopna gilda og taka og geyma afrit af viðeigandi leyfum og skjölum eftir því sem við á.

5. gr.

Aðstæður við veiðar.

Veiðar á langreyðum skulu fara fram í dagsbirtu. Þá skulu ytri skilyrði vera með þeim hætti að líkur séu til þess að aflífun fari fram samstundis og m.a. gætt að ölduhæð, veðurskilyrðum og skyggni í því sambandi.

Þó er skylt að fylgja dýri og ljúka aflífun við endurskot óháð framangreindum aðstæðum enda er veiðimönnum skylt að gera það sem í þeirra valdi stendur til að aflífa þau dýr sem þeir hafa valdið áverkum.

6. gr.

Skimun og lengdarmat.

Þegar dýr sést skal gengið úr skugga um að ekki fylgi kálfur í grennd við það samkvæmt skrásettu verklagi leyfishafa, sbr. a-lið 9. gr. Í slíku verklagi skal m.a. koma fram hversu stórt svæði er skimað og í hve langan tíma. Skulu viðmið vera til þess fallin að tryggja að hvalir séu ekki veiddir sem kálfar fylgja.

Áætla skal lengd dýrs áður en hleypt er af skoti samkvæmt skrásettu verklagi leyfishafa, sbr. b-lið 9. gr., og skal verklagið vera til þess fallið að tryggja að ekki séu veiddir hvalir undir lágmarksstærð.

7. gr.

Framkvæmd skots.

Við veiðar skal hvalveiðibyssu miðað á skilgreint marksvæði, sbr. mynd í viðauka I.

Skjóta ber dýr úr öruggu færi. Þó skal ekki skjóta dýr af lengra en 25 metra færi.

Skotvinkill skal vera á bilinu 45-135° miðað við lengdaröxul dýrs, sbr. mynd í viðauka II.

Þrátt fyrir 2. og 3. mgr. er heimilt að víkja frá færi og skotvinkli þegar skjóta þarf sært dýr fleiri en einu skoti til að tryggja sem skjótasta aflífun.

Þegar dýr drepst ekki tafarlaust ber án tafar að framkvæma endurskot.

8. gr.

Þjálfun, fræðsla og hæfni.

Við veiðar skal tryggt að a.m.k. þrír úr áhöfn hafi reynslu af hvalveiðum. Með reynslu er átt við að aðili hafi verið hluti af áhöfn við hvalveiðar í minnst sex mánuði á síðustu fimm árum. Þó er heimilt að víkja frá þessu skilyrði þegar sérstaklega stendur á og áhafnar meðlimur hefur sýnt fram á hæfni og þekkingu samkvæmt mati Fiskistofu, þ. á m. um skot ef um skotmenn er að ræða.

Skyttur sem annast veiðar og aflifun á dýrum skulu hafa lokið námskeiði í meðferð hvalveiðibyssu og sprengiskutla og í aflifunaraðferðum við hvalveiðar. Skyttur skulu jafnframt hafa lokið námskeiði, viðurkenndu af eftirlitsaðilum, sem að lágmarki skal innihalda fræðslu um líffræði, þ.m.t. atferli, sársaukaskyn og streitu, og vistfræði með tilliti til hvala og um regluverk sem um hvalveiðar gildir.

9. gr.

Gæðahandbók og skýrsla um framkvæmd veiða.

Leyfishafi ber ábyrgð á að haldin sé gæðahandbók sem skal vera aðgengileg eftirlitsaðilum og ráðuneytinu. Gæðahandbók skal að lágmarki innihalda:

- Verklag við skimun hvalkálfa.
- Verklag við áætlun um lengd dýrs.
- Verklag við framkvæmd og undirbúning endurskota.
- Verklag við skráningu tilkynningarskyldra atvika.
- Verklag við athugun leyfishafa á orsökum þeirra.
- Verklag vegna viðbragða við tilkynningarskyldum atvikum, sbr. 10. gr., sem kunna að verða við veiðarnar.

Verklag skal vera til þess fallið að tryggja að langreyðar séu aflifaðar á þann hátt að það valdi dýrum sem minnstum sársauka og taki sem skemmstan tíma og séu ekki veiddar á þann hátt að valdi þeim óþarfa limlestingum eða kvölum. Eftirlitsaðilar geta krafist úrbóta á verklagi sé það ekki til þess fallið að tryggja framangreind skilyrði, sbr. einnig skilyrði 6. gr. reglugerðar þessarar.

Leyfishafi skal skila skýrslu um framkvæmd veiða til eftirlitsaðila samkvæmt 3. gr. í lok veiðitímabils. Skal þar m.a. greina frá helstu áskorunum tímabils, almennu viðhaldi veiðibúnaðar, samantekt atvika og mögulegar orsakir þeirra að mati leyfishafa og eftir því sem við getur átt.

10. gr.

Skýrsluhald og skráning atvika.

Leyfishafi skal tilkynna eftirlitsaðilum samkvæmt 3. gr. um atvik sem upp koma við veiðar á langreyðum eins fljótt og unnt er, en eigi síðar en tveimur virkum dögum eftir að veiðiferð lýkur. Eftirfarandi teljast tilkynningarskyld atvik við veiðar samkvæmt reglugerð þessari:

- Ef framkvæma þarf endurskot.
- Ef hvalur drepst ekki tafarlaust en endurskot er ekki framkvæmt.
- Ef endurskot tefst.
- Ef dýr sem skotið var sleppur eða tapast.
- Ef sprengiskutull springur ekki eða ef hann springur of snemma.
- Ef skutull hittir ekki á skilgreint marksvæði.
- Ef sprengiskutli er skotið utan skilgreinds skotvinkils.
- Ef grunur leikur á að kálfur hafi fylgt dýri, s.s. ef í ljós kemur að kýr hafi verið mjólkandi.
- Ef stærð dýrs reynist vera undir 15,2 m.
- Önnur atvik, s.s. óhappatívik, mistök eða vanræksla.

Í tilkynningu til eftirlitsaðila skal lýsa atviki, greina mögulegar orsakir þess og önnur atriði sem máli kunna að skipta.

11. gr.

Skráning upplýsinga.

Auk annarra upplýsinga sem ber að skrá samkvæmt öðrum lögum og reglum sem og leyfisbréfi skal leyfishafi gæta þess að eftirfarandi upplýsingar séu skráðar í hverri veiðiferð:

- a. Fjöldi skutla fyrir hvert dýr sem er veitt.
- b. Nákvæm tímasetning fyrir hvert skot sem hleypt er af.
- c. Áhöfn og skyttur.
- d. Hvar skutull hittir dýr í hverju skoti.
- e. Veðurskilyrði (ölduhæð, vindur, birtuskilyrði, skyggni) í hverju skoti.
- f. Skotvinkill sem skotmaður skaut frá hverju sinni.
- g. Skotfjarlægð hvers skots.
- h. Áætluð lengd hvers dýrs.
- i. Hvernig skimun fyrir hvalkálfum var framkvæmd hverju sinni.
- j. Hvort önnur dýr voru í grennd og þá hve mörg hverju sinni.

12. gr.

Gjaldtaka.

Matvælastofnun er heimilt að innheimta gjald samkvæmt gjaldskrá vegna eftirlits á grundvelli reglugerðarinnar þ. á m. vegna gagnaöflunar Fiskistofu fyrir hönd Matvælastofnunar samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar þessarar enda telst hún þá vera liður í eftirliti Matvælastofnunar.

Fiskistofu er heimilt að innheimta gjald samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar vegna eftirlits á grundvelli reglugerðarinnar.

13. gr.

Fylgiskjal við alþjóðasamninginn um hvalveiðar.

Fylgja skal reglum þeim sem kveðið er á um í fylgiskjali við alþjóðasamning um stjórn hvalveiða frá 1946 (e. Schedule Attached to the International Convention for the Regulation of Whaling), með síðari breytingum, að svo miklu leyti sem ekki er kveðið á um annað í lögum eða reglugerð þessari, í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist.

14. gr.

Viðurlög.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt X. kafla laga nr. 55/2013, um velferð dýra, og 10. gr. laga nr. 26/1949, um hvalveiðar.

15. gr.

Gildistaka og lagastoð.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 3. gr., 4. gr., 1. mgr. 6. gr., sbr. og 3. mgr. 1. gr. laga nr. 26/1949, um hvalveiðar, og 2. mgr. 13. gr., 3. mgr. 27. gr. og 46. gr. laga nr. 55/2013, um velferð dýra, sem og 2. mgr. 5. gr. laga nr. 30/2018, um Matvælastofnun.

Reglugerðin öðlast þegar gildi. Ákvæði 2. málsl. 2. mgr. 8. gr. og 9. gr. öðlast þó gildi 18. september 2023. Við gildistöku reglugerðar þessara fellur brott reglugerð nr. 917/2022, um eftirlit með velferð dýra við veiðar á hvölum.

Matvælaráðuneytinu, 31. ágúst 2023.

F. h. r.

Benedikt Árnason.

Ása Þórhildur Þórðardóttir.


VIÐAUKI I

Marksvæði: Það svæði á langreyði sem miða skal á við skot. Svæði sem skyggt er á þessari mynd.



VIÐAUKI II

Skotvinkill: Sú átt sem skotmaður beinir hvalveiðibyssu að dýri, s.s. að framan, að aftan eða frá hlið. Skotvinkill skal vera á bilinu 45-135° miðað við lengdaröxul dýrs.



Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.